

T I L L A G A

að starfsreglum um áframhaldandi gildi starfsreglna þjóðkirkjunnar.

(Lagt fyrir 64. kirkjuþing 2022-2023).

Flutt af Bryndísi Möllu Elíðóttur og Stefáni Magnússyni.

Frsm. Bryndís Malla Elíðóttir.

1. gr.

Eftirtaldar starfsreglur kirkjuþings halda gildi sínu frá 1. janúar 2023 til 1. janúar 2024:

1. Starfsreglur um aðgerðir gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni, ofbeldi og um meðferð kynferðisbrota innan þjóðkirkjunnar nr. 330/2019, sbr. starfsrgl. nr. 1158/2020.
2. Starfsreglur um kirkjur og safnaðarheimili nr. 822/200, með síðari breytingum.
3. Starfsreglur um kirkjutónlist nr. 1074/2017.
4. Starfsreglur um leikmannastefnu nr. 874/2004, með síðari breytingum.
5. Starfsreglur um prófasta, nr. 966/2006, með síðari breytingum.
6. Starfsreglur um skipulag kirkjunnar í héraði nr. 1026/2007, með síðari breytingum.

2. gr.

Starfsreglur þessar, sem sem settar eru með heimild í 8. gr. laga um Þjóðkirkjuna nr. 77/2021, öðlast gildi við birtingu og gilda til 1. janúar 2024.

Greinargerð.

Í 2. mgr. ákvæðis til bráðabirgða í lögum um þjóðkirkjuna nr. 77/2021 segir:
Starfsreglur og samþykktir, sem kirkjuþing hefur sett eða samþykkt í gildistíð laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar, nr. 78/1997, halda gildi sínu, eftir því sem við á, þar til kirkjuþing hefur fellt þær niður, breytt þeim eða sett eða samþykkt nýjar, þó eigi síðar en 31. desember 2021.

Starfsreglur þjóðkirkjunnar, sem samþykktar hafa verið af kirkjuþingi allt frá árinu 1998, skyldu samkvæmt ákvæði þessu falla úr gildi 31. desember 2021. Til þess að veita svigrúm til að endurskoða starfsreglusafnið með tilliti til breytts lagaumhverfis þjóðkirkjunnar samþykkti kirkjuþing 2021-2022 þann 23. nóvember 2021, starfsreglur um áframhaldandi gildi flestra starfsreglna þingsins, til loka árs 2022. Þegar hafa ýmsar starfsreglur verið gefnar út að nýju. Á 64. kirkjuþingi 2022-2023, eru lagðar fram ýmsar tillögur að endurnýjuðum starfsreglum, þ.e. þeim sem gefinn var framlengdur gildistími á 62. kirkjuþingi 2021-2022 og sem ella munu falla brott í lok árs 2022. Þær starfsreglur, sem þessi tillaga tekur til munu

sæta endurskoðun á næstu mánuðum og þykir því rétt að framlengja gildistíma þeirra meðan sú endurskoðun stendur yfir.

Hvað varðar starfsreglur um aðgerðir gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni, ofbeldi og um meðferð kynferðisbrota innan þjóðkirkjunnar liggur fyrir að teymi það sem starfar samkvæmt 4. gr. starfsreglnanna, hefur það hlutverk samkvæmt staflað f í 2. mgr. 6. gr. starfsreglnanna að „koma með ábendingar ef teymið telur að breyta þurfi starfsreglum þessum eða stefnu þjóðkirkjunnar sbr. 1. mgr. 6. gr.“ Gert er ráð fyrir að teymið leggi fram tillögur að breytingum á starfsreglunum á næstu mánuðum, sem verða þá til umfjöllunar á kirkjuþingi í framhaldinu.

Pótt lagt sé til að starfsreglur þessar gildi allt árið 2023, getur komið til þess að nýjar starfsreglur komi í þeirra stað er taki gildi fyrr á árinu 2023 þannig að þær falli þá brott frá þeim tíma.